

**Nd.**

**57. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Pálmi Hannesson.

1. gr.

Í stað orðanna „fimm ára“ í síðasta málsl. 2. tölul. 3. gr. laganna komi: tíu ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**G r e i n a r g e r ð .**

Við framkvæmd laganna hefir það komið í ljós, að frestur sá, sem þar er ákveðinn til innlausnar á veiðirétti, er seldur hefir verið undan jörðum, er of stuttur, og er frv. þessu ætlað að kippa því í lag.